

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 57/2003**

**frá 16. maí 2003**

**um breytingu á XX. viðauka (Umhverfis mál) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) XX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 16/2003 frá 31. janúar 2003 <sup>(1)</sup>.
- 2) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/76/EB frá 4. desember 2000 um brennslu úrgangs <sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 3) Á Íslandi eru ýmis smá og örsmá afskekkt sveitarfélög sem hafa lítið landrymi til sorpurðunar.
- 4) Samgöngur við þessi sveitarfélög eru erfiðleikum bundnar stóran hluta ársins og er því óæskilegt eða jafnvel ógerlegt að safna sorpi af stóru svæði til eyðingar í stærri brennslustöðvum eða sambrennslustöðvum.
- 5) Til þess að geta lagt af sorpbrennslu á opnum haugum hafa sum afskekkt sveitarfélög komið upp brennslustöðvum eða sambrennslustöðvum sem afkasta minna en einu tonni af sorpi á klukkustund.
- 6) Geysihár kostnaður við samfelldar losunarmálingar og díoxín-mælingar tvisvar á ári í samræmi við tilskipun 2000/76/EB gera rekstur brennslustöðva og sambrennslustöðva í afskekktum sveitarfélögum óhóflega dýran.
- 7) Í stað kvaðar um samfelldar losunarmælingar og díoxín-mælingar tvisvar á ári í þessum brennslustöðvum og sambrennslustöðvum skal því koma kvöð um árlegar losunarmælingar og eina díoxín-mælingu sem þarf ekki að endurtaka.
- 8) Þar eð umhverfisáhrif brennslustöðva og sambrennslustöðva, sem afkasta minna en einu tonni af sorpi á klukkustund, eru lítil og rekstraraðstæðurnar erfiðar skulu þær undanþegnar ákvæðum tilskipunar 2000/76/EB um losunarmörk en þess í

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 94, 10.4.2003, bls. 73 og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 19, 10.4.2003, bls. 19.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 332, 28.12.2000, bls. 91.

stað skal þeim skylt að hlíta áfram ákvæðum um losunarmörk í tilskipunum 89/369/EBE, 89/429/EBE og 94/67/EB.

- 9) Í brennslustöðvum, sem afkasta meira en einu tonni en minna en þremur tonnum af sorpi á klukkustund, skal af sömu ástæðum aðeins skylt að gera eina díoxínmælingu sem þarf ekki að endurtaka og þær skulu undanþegnar ákvæðum tilskipunar 2000/76/EB um losunarmörk en skylt að hlíta áfram ákvæðum um losunarmörk í tilskipunum 89/369/EBE, 89/429/EBE og 94/67/EB.

#### ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

##### *1. gr.*

XX. viðauki við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi bætist við á eftir lið 32dd (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/151/EB) í XX. viðauka við samninginn:

„32de. **32000 L 0076:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/76/EB frá 4. desember 2000 um brennslu úrgangs (Stjtið. EB L 332, 28.12.2000, bls. 91).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð í samræmi við viðbæti við þennan viðauka.“

2. Eftirfarandi bætist við í liðum 20 (tilskipun ráðsins 89/369/EBE), 21 (tilskipun ráðsins 89/429/EBE) og 21 b (tilskipun ráðsins 94/67/EB):

„, eins og henni var breytt með:

- **32000 L 0076:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/76/EB frá 4. desember 2000 (Stjtið. EB L 332, 28.12.2000, bls. 91).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð í samræmi við viðbæti við þennan viðauka.“

3. Eftirfarandi undirliður bætist við í 26. lið (tilskipun ráðsins 75/439/EBE):

„- **32000 L 0076:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/76/EB frá 4. desember 2000 (Stjtið. EB L 332, 28.12.2000, bls. 91).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð í samræmi við viðbæti við þennan viðauka.“

4. Fyrirsögnin „**VIÐBÆTIR VIÐ XX. VIÐAUKA**“ bætist við á eftir 40. lið (tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2001/680/EB).

5. Aðlögunarliðirnir í viðauka við þessa ákvörðun bætast við sem viðbætur við XX. viðauka.

2. gr.

Texti tilskipunar 2000/76/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 17. maí 2003 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 16. maí 2003.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar*  
*Formaður*

*P. Westerlund*

*Ritarar*  
*sameiginlegu EES-nefndarinnar*

*P.K. Mannes*

*M. Brinkmann*

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

**VIÐAUKI**  
**við ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 57/2003**

**„ADLÖGUN Á TILSKIPUN 2000/76/EB FRÁ 4. DESEMBER 2000**

- a) Á Íslandi skal tilskipunin gilda með eftirfarandi breytingum um starfandi brennslustöðvar og sambrennslustöðvar á Ísafirði, Tálknafirði, í Hofshreppi (Svínafelli), á Kirkjubæjarklaustri, í Vestmannaeyjum og á Patreksfirði sem afkasta minna en einu tonni af sorpi á klukkustund á meðan þær eru starfræktar:
- i) Mæla skal einu sinni á ári þau loftmengandi efni sem getið er í a- og c-lið 2. mgr. 11. gr., að díoxínunum undanskildum.
  - ii) 4. og 6. mgr. 11. gr. gilda ekki.
  - iii) Í stað orðanna „úr tvisvar á ári í einu sinni á tveggja ára fresti og á díoxínunum og fúrönunum úr tvisvar á ári í einu sinni á ári“ í 7. mgr. 11. gr. komi orðin „úr einu sinni á ári í einu sinni á tveggja ára fresti“.
  - iv) 10., 11., 12., 13., 14., 16. og 17. mgr. 11. gr. gilda ekki.
  - v) Losun á díoxínunum þarf aðeins að mæla einu sinni og skal tilkynna Eftirlitsstofnun EFTA niðurstöður þeirrar mælingar.
- b) Brennslustöðvar og sambrennslustöðvar, sem um getur í a-lið, skulu hlíta áfram ákvæðum um losunarmörk í tilskipunum 89/369/EBE, 89/429/EBE og 94/67/EB.
- c) Tilskipunin skal gilda með eftirfarandi breytingum um starfandi brennslu- og sambrennslustöð á Suðurnesjum sem afkastar meira en einu tonni en minna en þremur tonnum af sorpi á klukkustund, meðan sú stöð er starfrækt:
- i) Losun á díoxínunum þarf aðeins að mæla einu sinni og skal tilkynna Eftirlitsstofnun EFTA niðurstöður þeirrar mælingar.
  - ii) Losunarmörkin, sem kveðið er á um í a-, b- og c-lið V. viðauka við tilskipunina, gilda ekki; þess í stað gilda áfram hliðstæð losunarmörk sem kveðið er á um í tilskipunum 89/369/EBE, 89/429/EBE og 94/67/EB.
- d) 1. mgr. 8. gr. tilskipunar 75/439/EBE og viðauki við hana og tilskipanir 89/369/EBE, 89/429/EBE og 94/67/EB eru hér með felldar úr gildi, þó með fyrirvara um b-lið og ii-lið c-liðar hér á undan.
- e) a-, b-, c- og d-lið skal endurskoða á fimm ára fresti eða þegar fram kemur ný og ódýrari tækni til umfangsmeiri mengunarmælinga, hvort sem fyrr verður.“